



# Strandblak

## Afreksstefna Blaksambands Íslands

2015-2020

### Inngangur

Forsendur afreka í strandblaki á Íslandi hafa breyst mikið síðastliðið ár með tilkomu inni strandblaksaðstöðu. Nú gefst bæði félögum og landsliðum kostur á að æfa strandblak allt árið um kring. Þetta hefur nú þegar skilað sér í Norður-Evrópumeistararitli (NEVZA) í flokki kvk 19 ára og yngri.

Áhugi á strandblaki á Íslandi fer ört vaxandi og liðum sem taka þátt í Íslandsmóttinu hefur fjölgað ár frá ári.

A-landsliðin æfa núna árið um kring og eru landsliðsþjálfarar ábyrgir fyrir þjálfun liðanna og þjálfunaraðferðum.

Blaksamband Íslands hefur haldið úti 2-6 strandblaks-landsliðum á undanförunum árum.

Ár	Fjöldi liða	Landslið
2010	4	2 A lið kvk og 2 A lið kk
2011	4	A lið kvk og A lið kk, 2 U19 lið kvk
2012	2	A lið kvk og A lið kk
2013	6	A lið kvk og A lið kk, U17 lið kk og kvk, U19 lið kk og kvk
2014	5	2 A lið kvk og 2 A lið kk, U20 lið kvk

A-landsliðin hafa tekið þátt í Ólympíuleikum Smáþjóða, undankeppnum HM og undankeppnum Ólympíuleika. Unglingalandsliðin hafa tekið þátt í NEVZA (Norður-Evrópumót U19), undankeppni fyrir Ólympíuleika ungmenna og Evrópumótum. Árið 2013 vann Íslenska U19 landslið kvk NEVZA mótið og verður sá árangur að teljast sérlega góður þar sem liðið var skipað 14 og 17 ára leikmönnum. Þessir sömu leikmenn eru Íslandsmeistarar undanfarinna þriggja ára og verður því framtíðin að teljast björt.

2015 er stefnt á að A landsliðin taki þátt í Ólympíuleikum Smáþjóða, NEVZA mótum og Evrópumótum. Einnig mun kvk landslið, skipað ungu Íslandsmeisturunum og NEVZA meisturum 2013, taka þátt í dönsku mótariðinni ásamt fleiri mótum víðsvegar um Evrópu.

### Markmið

Stærsta langtíma markmiðið er að vinna sér þátttökurétt á Ólympíuleikunum 2020. Við eigum í dag unga og mjög efnilega leikmenn í bæði kk og kvk flokki sem eiga alla möguleika á að bæta sig

### Skammtíma markmið A landsliða

#### 2015:

- Verðlaunasæti á Smáþjóðaleikum 2015
- Að A landsliðin taki þátt í NEVZA mótum 2015 og nái einu af 8 efstu sætunum.
- Að A landslið kvk vinni amk 2 mót í dönsku mótariðinni 2015.



### Langtíma markmið A landsliða: 2016 -2020:

- Að skapa gott þjálfarateymi fyrir landsliðin sem vinnur að framtíðarmarkmiðum. Núverandi Íslandsmeistarar kvk æfðu og spiluðu í Danmörku síðastliðin tvö sumur undir stjórn danska landsliðsþjálfarans og munu gera það áfram sumar 2015. Íslandsmeistararnir æfa í Danmörku og á Íslandi vetur 2014-2015 undir stjórn landsliðsþjálfarans og með leiðsögn frá danska landsliðsþjálfaranum.
- Að halda uppbyggingu áfram og koma landsliðsmálum í góðan farveg.
- Taka þátt í NEVZA mótum svo og Evrópumótum og undankeppnum Ólympíuleika og Heimsmeistaramóta
- Að spila á Ólympíuleikum 2020. Við eigum í dag unga og mjög efnilega leikmenn í bæði kk og kvk flokki og teljum okkur geta náð langt með þessi lið.

### Markmið unglingslandliða

- kvk: að vinna NEVZA mót næstu ára.
- kvk: að taka þátt í EM U21 og HM U21.
- kk: að ná einu af þremur efstu sætum á NEVZA mótum næstu ára.

F. h. Landsliðsnefndar BLÍ

---

Sævar Már Guðmundsson  
Framkvæmdastjóri BLÍ